


Hafnarfjarðarbær - tillögur að hreystibraut og almennu leiksvæði við Ásvallalaug



Greinargerð - almenn atriði.

Samkvæmt reglum Skólahreytti er aldurstakmark á hreystivöllinn 8 ára en við Ásvelli er einnig gert ráð fyrir yngri börnum á sér svæði og þá í fylgt með fullorðnum. Eins og þekkt er úr keppni í sjónvarpi að þá er hreystivöllurinn byggður upp með þeim hætti að tveir aðilar geta farið í gegnum prautirnar í einu og flestir unglingar þekja þær reglur sem gilda.

Lagðar eru fram 2 tillögur og báðar gera ráð fyrir hreystibraut auk leiksvæðis fyrir yngri börn á aldrinum 3ja-8 ára. Á svæði yngri barna mun reyna á jafnvægi, styrk og snerpu í einföldum leiktækjum sem raðast í einskonar prautabraut. Sjálf hreystibrautin kemur fullsmíðuð með þeim öryggissvæðum til kröfur segja til um. Þrátt fyrir það er talið æskilegt að aðskilja þessi tvö leiksvæði með lágrí gegnsærrí girðingu og opna þannig sjónræna tengingu þar á milli. Yngri börn geta þá fylgst með þeim eldri af aðdáun, fengið hvatningu og reynt að herma eftir, án þess að eiga hættu á slysum eða árekstri við eldri börn.

Þær hreystibrautir sem reistar hafa verið víða um landið notast við gervigras sem undirlag en aukna sérstöðu mætti fá með því að velja annan lit en grænan eða þá önnur yfirborðsefni sem fullnægja kröfum um fallvörn, s.s. tartangúmmí. Í báðum tillögum er reiknað með að bæði leiksvæðin myndi einn samhangandi yfirborðsflöt.

Í báðum tillögum 1 og 2 mun nærliggjandi hraun koma til með að vera nær óraskað enda felast ómæld gæði í því, bæði sjónræn og fagurfræðileg sem tengja má ýmsum möguleikum svæðisins til aukinnar útivistar í framtíðinni. Til afmörkunar á leiksvæði er timburverki og/eða trjágróðri leyft að vaxa við hraunjaðarinn og undirstrika þannig afmörkun leiksvæðis og náttúrulegs hrauns.



Leikur 1 - Kaðlaktífur.



Leikur 2 - Klifurstaur.




Leikur 3 - Jafnvægissúla.




Leikur 4 - Hoppstíkur.



Leikur 5 - Kaðalgöng.



Göngutengingar og útivistarsvæði - mögulegir framtíðarstígar sýndir í gulum lit.



- SKÝRINGAR
- Gróðursvæði
 - Lóðarmörk
 - Malbikuð svæði
 - Hellulögn, gráar hellur
 - Gervigras
 - Fallvarnarsvæði
 - Núv. hraun og nýjar hrauneyjar
 - Áhorfendapallar/dvalarsvæði - timbur
 - Legusvæði/yndisdvöl - net
 - Núv. ljósastaurar og brunnar
 - Máluð lína



Tillaga 2 - Horft frá sundlaugarhúsi út á hreystisvæði.

Stutt greinargerð með tillögu 1 og 2.

Í tillögu 1 er lagt til að fyrirhugað hreystileiksvæði verði lækkað um u.þ.b.1 meter frá þeirri landhæð sem nú er til staðar. Við lækkunina fæst aukið skjól og næði fyrir notendur vallarins auk þess að draga úr hljóði frá leikvöllum og hraustum iðkendum. Að öðru leyti er gervigrasi leyft að flæða óhindrað að hrauninu.

Vesturjaðar hraunsins nýtist sem útmörk leikvallarins en á tveimur stöðum er komið fyrir timburverki við hraunið, annað sem setbekkur en hitt sem leik- og dvalarsvæði í hraunbolla.

Í norðvesturhorni hraunsins má í dag finna hraunbolla sem nýta má í tengslum við leiksvæðið. Þarna er afar skjólsæll staður þar sem koma má fyrir strengdu neti í halla sem myndast og útbúa þægilegan legubekk mót sólu. Sem dæmi mætti einnig nýta bollann sem setbekk og til kennsluhalds á góðvindrísðögum. Einnig gæti þar staðið lokað trampólín eða annað hentugt leiktæki og gengt leiksvæðinu verður til setsvæði fyrir forráðamenn barna og aðra sem eiga leið hjá.

Við sjálfa hreystibrautina er stungið upp á öðru timburverki sem teygir sig út í hraunið. Þar er komið fyrir léttum áhorfendapalli sem vísar að hreystibraut. Við fullnaðarhönnun svæðisins verður þessum seteiningum úr timbri fundinn endanlegur staður við hreystibrautina.

Austan við hreystibrautina er gert ráð fyrir að núv. göngustígur haldist nær óbreyttur en verði tengdur göngustígur er liggur norðan við Blómvelli. Stígurinn verði þó afmarkaður með timburgrindverki til aðgreiningar frá aðkomu að tækjarymi sundlaugar.

Í tillögu 2 er lagt til að hreystileiksvæðið haldist nánast í þeirri hæð sem núverandi land er í. Æfingasvæði yngri barna er fært suður fyrir hreystibrautina sem þannig myndar aukið næði, t.d. frá umferð við Ásvelli.


Tveir timbursetpallar eru lagðir út í hraunið og bjóða uppá góða yfirsýn yfir leiksvæðið og hraunið. Við pallana tengist ennfreður lágur timburstokkur sem afmarkar leiksvæðið og trjágróður við útjaðar hraunsins. Gróður afmarkar svæðið, dregur úr ásynd og veitir skjól innan leiksvæðisins. Gert er ráð fyrir lágum trjágróðri, 3-5 metra háum, s.s. furu, birki og lágum víði sem falla vel að náttúrulegum lit hrauns og mosa.

Malbikuð aðkoma að tækjarymi sundlaugar nýtist sem gönguleið og lagt til að hún tengist við göngustígakerfi bæjarins við Blóm- og Burknavelli.

Lagt er til að raskað land í hraunbolla á norðvesturhorni hrauns verði grætt upp með mosa og lágum gróðri og lautin þannig látin halda sér, öllum til yndisauka.

Bæta mætti aðgengi að leiksvæðinu með því að tengja það meir inná stígaþefi Vallahverfis og eins við Ástjarnarkirkju. Upphækkaður timburstígur gæti legið um hraunið, veitt aðgang og verndað það á sama tíma.

Tillaga1 - Horft frá bílastæði að leguneti og hreystisvæði

			
HEITI VERKS:			
Hafnarfjarðarbær ÁSVALLARLAUG - LÓÐ			
HEITI TEKNINGAR:			
Lóðarlögun Skipulag hreystibrautar - frumdrög			
VERNRN:	MKV:	TEKNING NR:	
218-042	1:200 í A1	08-016	
TEKNAÐ AF:	HANNAÐ AF:	DAGS. TEKN:	
gko	gko/oh	26.09.2018	
YFIRL. / UNDRISKRIFT:		TEKN. BREYTT:	
			
AUSTURVEGI 6 800 SELFOS netfang: landform@landform.is		sími 482 4090 faxes 482 3542 vefang: www.landform.is	
LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA			